



Borgarstjórn Reykjavíkur
2. júní 2026

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins um stofnun stýrihóps um hagræðingar og stjórnkerfisbreytingar í borgarkerfinu

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að setja á fót stýrihóp um hagræðingu og innleiðingu breytinga í stjórnsýslu Reykjavíkurborgar og feli borgarstjóra að vinna erindisbréf sem lagt verður fram í borgarráði.

Greinargerð

Markmið stýrihópsins er að gera stjórnsýslu Reykjavíkurborgar skilvirkari, gagnsærri og þjónustumiðaðri, draga úr kostnaði yfirbyggingar og nýta fjármuni borgarinnar betur. Áherslan er á breytingar á stjórnsýslu en að staðinn verði vörður um grunnþjónustu. Stýrihópur skal fá greiðan aðgang að nauðsynlegum upplýsingum og hafa heimild til að taka viðtöl og fundi með stjórnendum. Gert er ráð fyrir utanaðkomandi ráðgjöf og að innleiðingu verkefna verði lokið eigi síðar en júní 2028.